



Félag eldri borgara Garðabæ

Til bærstjórnar Garðabæjar.

Gunnar Einarsson bærstjóri

15. júní 2021,

Björg Fenger forseti bærstjórnar

Svanhildur Þengilsdóttir sviðsstjóri fjölskyldusviðs.

Bestu þakkir fyrir komuna á aðalfund FEBG nýverið. Í framhaldi af þeim fundi eru nokkur atriði sem stjórn FEBG vill leggja mikla áherslu á á komandi hausti.

Heilsuefning og bætt líðan:

Við erum þessa dagana að fóta okkur í breyttu landslagi eftir að Covid 19 öldurnar fóru að lægja. Samningar við Janus Guðlaugsson - Janus Heilsuefning um að bjóða þátttakendum upp á tveggja ára markvissa heilsuefningu í formi daglegrar hreyfingar, styrktarþjálfunar og fræðslu er handan við hornið.

Húsnæðismál -Jónshús.

Á aðalfundi FEBG nýlega kom berlega í ljós hversu góð þátttaka er í þeim viðburðum sem Jónshús og FEBG standa fyrir. Félagið hefur áður ályktað varðandi húsnæðismálin og kom bærstjóri inn á það í ávarpi sínu að aðkallandi væri að koma þeim málum í farveg. Það er eindregin ósk FEBG að þau mál verði tekin til gaumgæfilegrar athugunnar sem allra fyrst.

Skert þjónusta í Jónshúsi.

Á aðalfundinum tók Vigdís Erlingsdóttir til máls fyrir hönd fjölmargra félaga sem koma oft og njóta samveru í Jónshúsi. Hún ræddi um fyrirhugaðar breytingar sem heyrst hafi að séu framundan m.a. að kaffiveitingar yrðu frá kl 13-30 til 14.30 í stað kl.14-15.30. Hún spurði fyrir hvern þessi breyting væri gerð og taldi það ekki vera fyrir notendur Jónshúss. Einnig að félagsvist á föstudögum færist yfir á þriðjudaga og er sú ráðstöfun einnig vegna styttingar á vinnutíma starfsmanna og skerðir þjónustuna.

Það er eindregin ósk stjórnar FEBG að ekki komi til þessarar skerðingar á þjónustu og starfsmannahaldi í Jónshúsi og ítrekar stjórn það sem fram kom í máli bæjarsjtóra að þessu verði komið í lag eins og hann orðaði það á fundinum.

Samstarf og samvinna.

FEBG ítrekar þakkar sínar til bærstjórnar Garðabæjar varðandi samstarfssaminginn sem nýlega var undirritaður milli félagsins og Garðabæjar og þakkar þá auknu fjármuni sem hann felur í sér. Við erum alltaf tilbúin til viðræðna um málefni félagsins og önnur þau mál er varða eldri íbúa í Garðabæ og samfélags.

Við væntum áframhaldandi góðrar samvinnu og sendum óskir um jákvæðar undirtektir.

Fyrir hönd stjórnar FEBG

Laufey Jóhannsdóttir formaður.